

**Helgistund á Þingvöllum í tilefni af  
80 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands  
13. s. d. e. tr. 29. ágúst 2010**

**Signing: Í nafni Guðs, föður og sonar og heilags anda. Amen.**

**Upp, þúsund ára þjóð,  
með þúsund radda ljóð.  
Upp allt, sem er og hrærist  
og allt, sem lífi nærast.  
Upp, harpa Guðs, þú heimur.  
Upp, haf og landageimur.**

**Skín, sól, á sumarfjöll,  
og signdu vatnaföll,  
breið geisla guðvefslæði  
á grundir, skóg og flæði,  
gjör fjöll að kristallskirkjum  
og kór úr bjarga virkjum.**

Það er sem þjóðskáldið Matthías Jochumsson sé sérstaklega að lýsa Þingvöllum, þar sem liggja dýpstu rætur þjóðarsögu, kristni og menningar, þegar hann yrkir svo í sálmi, er flytur áþekk fagnaðarstef og lofsöngur hans, „Ó, Guð vors lands“, sem varð þjóðsöngur Íslendinga. Hann kallar þjóðlíf og lífríki til lofgjörðar í heimshörpu Guðs í fagurri einingu, svo að sól signi sumarfjöll og breiði geisla guðvefslæða á grundir, skóg og flæði og fjöll verði að kristallskirkjum og kór úr bjarga virkjum.

Skógrækt setur mark sitt á land og umhverfi og hefur víðtæk áhrif á lífsfarnað og gæfu. Tré eru lífsundur sem tengja jörð við himin. Jesús Kristur líkir sér enda við trjástofn, er hann segir: „Ég er vinnurinn, þér eruð greinarnar,“ sem þarf þó að hirða vel og hreinsa svo að lífsveigur hans streymi vel um þær.

Stofnun Skógræktarfélags Íslands á Alþingishátíðinni 1930, í Furulundi, þar sem skógrækt hófst hér á landi við aldamót þrjátíu og einu ári fyrr, er dýrmætur þáttur í sögu Þingvalla og íslenskrar þjóðar. Gróskumikið starf félagsins er tákmynd um þá Guðsblessun og grómögn er héðan berast inn í hjörtu þjóðar, menningu hennar og sögu. Sú mynd sýnir að uppbygging og ræktun lands og lýðs sækja sér þrótt í ættjarðarást og lífsvirðingu, er nærast af uppsprettulindum lífgandi trúar sem á Þingvöllum var lögtekin af lýði. Með þá mynd í huga fer ég með bæn í Jesú nafni og færi með henni fyrir hönd íslenskrar kristni og kirkju Skógræktarfélagi Íslands heillaóskir á 80 ára afmæli þess:

## Bæn

Himneski faðir. Þökk fyrir Þingvelli og dýrmæta sögu þeirra. Blessa þá sem þjóðarhelgidóm með kristalskirkjum fjalla og kór úr bjargavirkjum. Þökk fyrir gróanda sumars, orð þitt og anda sem gefa og næra lífið. Þökk fyrir Furulund og aðra gróðurreiti, tré og skóga landsins, sem minna á að líf nærast bæði af krafti jarðar og himinljósi. Þökk fyrir uppbyggingar- og skógræktarstörf, er gagnast lífi og gleðja það. Þökk fyrir Skógræktarfélag Íslands og einstök skógræktarfélög sem tengjast því. Þökk fyrir 80 ára sögu þess, er sýnir góðan árangur af hugsjónum og fórnfúsum verkum stofnenda þess og frumherja, og einurð, dug og dáðir þeirra, sem á eftir fylgdu og sáu bjarta drauma rætast um vaxandi skóga og trjálundi, er græða og fegra landið. Blessa þau, sem nú halda uppi merkjum félagsins og marka stefnu þess. Gef að blessun þín fylgi áformum þeirra og gjörðum, svo að ræktunarstörf séu árangursrík og útvistar- og yndiskógum fjölgi á landinu og styrki lífsrætur og miðli helgri návist þinni. Forða háska og ógnum sem steðja að gróðurvinjum og lífríki sökum trúarskorts og lífsvirðingarleysis. Gef að íslensk þjóð sæki sér þrótt til endurreisnar eftir efnahagsáföll og raunir með því rækta skóga og græða upp landið og hlúa vel að trúar- og menningararfi sínum og beri þér í Jesú nafni grósumiklar greinar á blómgandi þjóðarmeði.

Kom, Jesú Kristí trú,  
kom, kom og í oss bú,  
kom, sterki kærleiks kraftur,  
þú kveikir dáíð aftur.  
Ein trú, eitt ljós, einn andi  
í einu fósturlandi.

Guð faðir, lífs vors líf,  
þú lands vors eilíf hlíf,  
sjá, í þér erum, hrærumst,  
og af þér lifum, nærumst,  
þú telur minnstu tárin  
og tímans þúsund árin.

*Matthías Jochumsson*

Biðjum saman: Faðir vor. .... Amen.

Meðtakið Drottinlega blessun: Drottinn blessi þig og varðveiti þig. Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sé þér náðugur. Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið í Jesú nafni. Amen.